



28. apríl 2026

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 1F 2026

## Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2026

---

- Tekjur á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2026 námu 7.249 m.kr. samanborið við 7.173 m.kr. á sama tímabili 2025 og hækkuðu um 1,1%. Tekjur af fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu stóðu nánast í stað á milli ára. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 607 m.kr. samanborið við 563 m.kr. á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 7,8%. Vörusala jókst um 8,4% á milli ára.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.362 m.kr. á 1F 2026 og hækkaði um 90 m.kr. eða 7,1% frá sama tímabili 2025. EBITDA hlutfallið er 18,8% á 1F 2026 en var 17,7% á sama tímabili 2025. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 416 m.kr. á 1F 2026 samanborið við 189 m.kr. á sama tímabili 2025. Aðlagð fyrir gjaldfærslu vegna dómsmáls nam EBITDA 1.439 m.kr. (19,9%) á 1F 2026 samanborið við 1.733 m.kr. á sama tímabili 2025. EBIT, aðlagð fyrir sektar- og skaðabótagreiðslum ásamt afskriftum óefnislegra eigna, nam 528 m.kr. (7,3%) samanborið við 677 m.kr. á sama tímabili 2025.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 180 m.kr. á 1F 2026 en námu 321 m.kr. á sama tímabili 2025. Fjármagnsgjöld námu 462 m.kr., fjármunatekjur voru 244 m.kr. og gengishagnaður nam 38 m.kr.
- Hagnaður á 1F 2026 nam 171 m.kr. samanborið við 188 m.kr. tap á sama tímabili 2025. Hagnaður á hlut nam 0,07 kr. á fjórðungnum.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 22,7 ma.kr. í lok 1F 2026, en voru 19,5 ma.kr. í árslok 2025. Handbært fé í lok 1F 2026 nam 4.078 m.kr., en var 980 m.kr. í árslok 2025. Bókfært virði útlánasafns Símans Pay var 4,3 ma.kr. í lok 1F 2026. Hreinar vaxtaberandi skuldir / 12M EBITDA<sup>1</sup> í lok 1F 2026 var 2,0x.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 35,4% í lok 1F 2026 og eigið fé 16,7 ma.kr.

---

<sup>1</sup> 12M EBITDA er leiðrétt fyrir 77 m.kr. gjaldfærslu vegna dómsmála.



### **María Björk Einarsdóttir, forstjóri:**

„Afkoma fyrsta ársfjórðungs var í samræmi við áætlanir og ber merki um þann stöðugleika sem einkennir grunnrekstur Símans. Þrátt fyrir að við höfum séð fækkun viðskiptavina í fjarskiptum og sjónvarpi á haustmánuðum, voru tekjur af kjarnavörum Símans óbreyttar milli ára, en aftur á móti hækkaði kostnaðarverð seldra vara milli ára, einkum vegna vísitölutengds kostnaðar innviðabirgja og kjarasamningsbundinna launahækkana.

Við erum ánægð að sjá áfram góðan vöxt í auglýsingatekjum og tekjum af fjártækni milli ára, en það hefur verið lykílahersla síðustu misseri að fjölga tekjustoðum félagsins. Sagan hefur sýnt okkur að tekjur af fjarskiptarekstri halda sjaldnast í við verðbólgu og afkomubati síðustu ára hefur því verið drifinn áfram af aukinni skilvirkni í rekstrinum. Áframhald þar á mun byggja á aukinni nýtingu gervigreindar á öllum sviðum rekstursins.

Samhliða erum við trú þeirri stefnu okkar að fjölga tekjustoðum, og nýta þannig innviði og styrkleika félagsins enn betur. Á síðustu mánuðum höfum við kynnt metnaðarfulla vegferð umbreytingar yfir í fjölbreytta stafræna þjónustusamstæðu undir merkjum Ása. Sterkt sjóðstreymi og hófleg skuldsetning gerir félagið vel í stakk búið fyrir ytri vöxt, og á fjórða ársfjórðungi síðasta árs tilkynntum við um kaup á Greiðslumiðlun Íslands, OK og Öryggismiðstöð Íslands. Þessi félög eiga það öll sammerkt að bjóða upp á stafrænar lausnir í fremstu röð og búa yfir víðtækum viðskiptasamböndum á fyrirtækjamarkaði.

Nú í mars var síðan tilkynnt um undirritun skilmálaskjals um möguleg kaup Símans á útvarps- og vefmiðlum Sýnar, en þar undir eru vandaðir miðlar með mikla útbreiðslu og öflugan mannauð. Verði af viðskiptunum mun sameinað miðlafyrirtæki undir móðurfélaginu Ásum verða í góðri stöðu til að veita framúrskarandi þjónustu í síbreytilegu rekstrarumhverfi. Eintaklega vel heppnuð yfirtaka á Billboard, markviss uppbygging efnisveitunnar okkar og sú áhersla sem við höfum lagt á þróun auglýsingatækni, hefur mótað sterkan grunn til að byggja slíka einingu upp með góðum árangri.

Horfur fram undan í rekstrinum eru góðar og afkomuspáin er óbreytt. Við höfum séð viðsnúning í fjarskiptum og sjónvarpi þar sem viðskiptavinum er byrjað að fjölga á ný eftir brottfall á haustmánuðum. Þá er áfram sterk sala í auglýsingum, meðal annars í tengslum við sveitastjórnarkosningar, þar sem bæði sjónvarps- og umhverfismiðlar Símans bjóða upp á landfræðilega markmiðaðar auglýsingar sem henta sérstaklega vel fyrir stjórnmalaflokka sem vilja nýta auglýsingafé sitt sem best.”



## Helstu niðurstöður úr rekstri 1F 2026

### Rekstur

Heildartekjur á 1F 2026 námu 7.249 m.kr. samanborið við 7.173 m.kr. á sama tímabili 2025, sem er 1,1% vöxtur milli ára. Tekjur af farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu stóðu nánast í stað á milli ára.

Tekjur af farsíma námu 1.704 m.kr. og hækkuðu um 19 m.kr. eða 1,1% á milli ára. Tekjur af gagnaflutningi námu 2.099 m.kr. og hækkuðu um 32 m.kr. eða 1,5% á milli ára. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 1.847 m.kr. og lækkuðu um 54 m.kr. eða 2,8% á milli ára. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 607 m.kr. og hækkuðu um 44 m.kr. eða 7,8% á milli ára. Tekjur af vörusölu námu 450 m.kr. og hækkuðu um 35 m.kr. eða 8,4% á milli ára. Tekjur af öðrum rekstri voru óbreyttar og námu 542 m.kr.

Rekstrarreikningur	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Sala	7.058	7.003	55	0,8%
Kostnaðarverð sölu	( 4.637)	( 4.526)	( 111)	2,5%
<b>Framlegð</b>	<b>2.421</b>	<b>2.477</b>	<b>( 56)</b>	<b>-2,3%</b>
Aðrar rekstrartekjur	191	170	21	12,4%
Rekstrarkostnaður	( 2.196)	( 2.458)	262	-10,7%
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>416</b>	<b>189</b>	<b>227</b>	<b>120,1%</b>
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>5,7%</i>	<i>2,6%</i>	<i>3,1%</i>	<i>117,8%</i>
Fjármunatekjur	244	192	52	27,1%
Fjármagnsgjöld	( 424)	( 513)	89	-17,3%
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b>	<b>( 180)</b>	<b>( 321)</b>	<b>141</b>	<b>-43,9%</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>	<b>236</b>	<b>( 132)</b>	<b>368</b>	<b>-278,8%</b>
Tekjuskattur	( 65)	( 56)	( 9)	16,1%
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>171</b>	<b>( 188)</b>	<b>359</b>	<b>-191,0%</b>
<i>Hagnaður (tap) á hlut</i>	<i>0,07</i>	<i>( 0,08)</i>	<i>0,15</i>	<i>-187,5%</i>
<b>EBITDA</b>	<b>1.362</b>	<b>1.272</b>	<b>90</b>	<b>7,1%</b>
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>18,8%</i>	<i>17,7%</i>	<i>1,1%</i>	<i>6,0%</i>
<b>Aðlöguð afkoma*</b>				
Aðlagð EBITDA	1.439	1.733	( 294)	-17,0%
Aðlagð EBIT	528	677	( 149)	-22,0%

\* Afkoma aðlöguð fyrir afskriftum óefnislegra eigna vegna kaupa á félögum og bókfærum sektum.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 4.637 m.kr. og hækkaði um 111 m.kr. eða 2,5% frá sama tímabili 2025. Rekstrarkostnaður nam 2.196 m.kr. og lækkaði um 262 m.kr. eða 10,7% frá sama tímabili 2025. Lækkunin er tilkomin vegna sektar- og skaðabótageiðslna á 1F 2025 að fjárhæð 461 m.kr. og sektar fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabankans á 1F 2026 að fjárhæð 77 m.kr.

EBITDA á 1F 2026, aðlagð fyrir sektar- og skaðabótageiðslum, nam 1.439 m.kr. samanborið við 1.733 m.kr. á sama tímabili 2025. EBIT á 1F 2026, aðlagð fyrir sektar- og skaðabótageiðslum ásamt afskriftum óefnislegra eigna, nam 528 m.kr. samanborið við 677 m.kr. á sama tímabili 2025.

Hagnaður 1F 2026 nam 171 m.kr. samanborið við 188 m.kr. tap á sama tímabili 2025.

Afskriftir félagsins á 1F 2026 námu 946 m.kr. samanborið við 1.083 m.kr. á sama tímabili 2025 og lækkuðu um 137 m.kr. á milli ára.



## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar á 1F 2026 námu samtals 1.374 m.kr. samanborið við 1.283 m.kr. á sama tímabili 2025. Breytingar á útlánum og rekstartengdum eignum og skuldum á 1F 2026 námu 166 m.kr. til hækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 1.540 m.kr. á 1F 2026 samanborið við 1.144 m.kr. á sama tímabili 2025. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 1.289 m.kr. á 1F 2026 samanborið við 855 m.kr. á sama tímabili 2025.

Á 1F 2026 námu fjárfestingar 624 m.kr. og nettó skuldir hækkuðu um 3,1 ma.kr. með útgáfu skuldabréfs til þriggja ára. Greiddur var út 500 m.kr. arður í lok fjórðungsins.

Handbært fé hækkaði um 3,1 ma.kr. í fjórðungnum og var handbært fé í lok 1F 2026 tæplega 4,1 ma.kr.

Sjóðstreymi	1F 2026	1F 2025
Rekstrarhagnaður	416	189
Afskriftir	946	1.083
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	12	11
<b>Samtals rekstrarhreyfingar</b>	<b>1.374</b>	<b>1.283</b>
Útlán	206	( 17)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	( 40)	( 122)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>1.540</b>	<b>1.144</b>
Innborgaðir vextir	220	184
Greiddir vextir	( 428)	( 420)
Greiddir skattar	( 43)	( 53)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.289</b>	<b>855</b>
Fjárfestingarhreyfingar	( 624)	( 1.976)
Fjármögnunarhreyfingar	2.436	683
<b>Breytingar á handbæru fé</b>	<b>3.101</b>	<b>( 438)</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	( 3)	( 4)
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>980</b>	<b>835</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>4.078</b>	<b>393</b>

## Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins námu 47.174 m.kr. í lok 1F 2026 en voru 44.322 m.kr. í lok árs 2025.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 22.675 m.kr. í lok 1F 2026 samanborið við 19.497 m.kr. í lok árs 2025. Handbært fé í lok 1F 2026 nam 4.078 m.kr. samanborið við 980 m.kr. í lok árs 2025. Hreinar vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til útlána Símans Pay voru 14.249 m.kr. í lok 1F 2026 samanborið við 13.968 m.kr. í árslok 2025.

Eigið fé félagsins nam 16.720 m.kr. í lok 1F 2026 og eiginfjárhlutfall félagsins var 35,4%.

Efnahagsreikningur	31.03.2026	31.12.2025	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.662	3.555	107	3%
Leigueignir	1.909	1.843	66	4%
Óefnislegar eignir	26.585	27.048	( 463)	-2%
Aðrar eignir	818	871	( 53)	-6%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>32.974</b>	<b>33.317</b>	<b>( 343)</b>	<b>-1%</b>
Birgðir	1.593	1.550	43	3%
Viðskiptakröfur	2.371	2.538	( 167)	-7%
Útlán	4.055	4.204	( 149)	-4%
Aðrar skammtímaskröfur	2.103	1.733	370	21%
Handbært fé	4.078	980	3.098	316%
<b>Velufjármunir</b>	<b>14.200</b>	<b>11.005</b>	<b>3.195</b>	<b>29%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>47.174</b>	<b>44.322</b>	<b>2.852</b>	<b>6%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>16.720</b>	<b>17.101</b>	<b>( 381)</b>	<b>-2%</b>
Vaxtaberandi skuldir	17.571	13.127	4.444	34%
Leiguskuldbindingar	1.645	1.573	72	5%
Viðskiptaskuldir	753	734	19	3%
Tekjuskattskuldbinding	583	629	( 46)	-7%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>20.552</b>	<b>16.063</b>	<b>4.489</b>	<b>28%</b>
Vaxtaberandi skuldir	1.401	1.401	0	0%
Viðskiptaskuldir	4.247	4.596	( 349)	-8%
Næsta árs afborganir	2.058	3.396	( 1.338)	-39%
Aðrar skammtímaskuldir	2.196	1.765	431	24%
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>9.902</b>	<b>11.158</b>	<b>( 1.256)</b>	<b>-11%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>47.174</b>	<b>44.322</b>	<b>2.852</b>	<b>6%</b>



## Horfur fyrir árið 2026

Áfram er útlit fyrir gott rekstrarár og er afkomuspá félagsins óbreytt fyrir rekstrarárið 2026:

- EBITDA verði á bilinu 6,8 til 7,2 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 3,2 til 3,6 ma.kr.<sup>2</sup>
- Fjárfestingar verði á bilinu 3,4 til 3,7 ma.kr.

## Kynningarfundur 29. apríl 2026

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2026 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Hjörtur Þór Steindórsson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á [heimasíðu Símans](#).

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum [í beinu streymi](#).

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á [fjarfestatengsl@siminn.is](mailto:fjarfestatengsl@siminn.is) og verður þeim svarað í lok fundarins.

## Fjárhagsdagatal

Uppgjör 2F 2026	18. ágúst 2026
Uppgjör 3F 2026	27. október 2026
Ársuppgjör 2026	16. febrúar 2027
Aðalfundur 2027	11. mars 2027

## Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans ([maria@siminn.is](mailto:maria@siminn.is))

Hjörtur Þór Steindórsson, fjármálastjóri Símans ([hjortur.steindorsson@siminn.is](mailto:hjortur.steindorsson@siminn.is))

---

<sup>2</sup> Án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum.